



hiklaust með honum við aðra. Þó fannst Mögdu að auka mætti við íslenskutímana á kostnað samfélagsfræðinnar en fannst námið gott og skemmtilegt og vel til þess fallið að efla erlenda íbúa og gera þá hæfari til að búa á Íslandi. Aðrar umsagnir nemenda voru á þá leið að í hópnum hefði verið góður andi, námsefni vel sett fram og kennsla fagleg en sumum fannst að kenna hefði átt meiri málfræði.

Í lok Landnemaskólans fór fram útskrift við hátíðlega athöfn en daginn eftir fórum við Birna Gunnlaugsdóttir, verkefnastjóri skólans, ásamt nemendahópnum í menningarferð til Reykjavíkur. Við heimsóttum Alþingishúsið, Listasafn Reykjavíkur og Alþjóðahúsið, skoðuðum miðbæinn auk þess að fara á kaffihús og líta í minjagripa-

verslanir. Ferðin var ánægjulegur endir á skólanum. Þegar þessi orð eru skrifuð höfum við sett Landnemaskólann af stað í Ólafsvík og stefnum á að halda hann í þriðja sinn á Vesturlandi á vorönn 2007.

UM HÖFUNDINN

Guðrún Vala Elísdóttir starfar sem náms- og starfsráðgjafi hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Hún er menntaður mannfæðingur, kennari, hefur lokið diplómagráðum í stjórnun og sérkennslu og stundar núna nám í náms- og starfsráðgjöf við HÍ.

BIRNA GUNNLAUGSDÓTTIR

MÉR GENGUR BEST AÐ SKILJA ÞEGAR ÉG TENGI VIÐ ÞAÐ SEM ÉG ÞEKKI NÁMSKONUR Á FÉLAGSLIÐABRÚ RÆÐA UM NÁMIÐ

Þær Dora, Karla og Zenaida vöktu strax athygli við upphaf náms hjá Mími – símenntun fyrir áhuga og dugnað. Þær eru innflytjendur á Íslandi og eru því að læra á erlendu tungumáli. Konurnar starfa við aðhlyningu aldraðra. Þær ólust allar upp í litlum borgum í heimalöndum sínum, Zenaida á Filippseyjum, Dora í Taílandi og Karla í Hondúras.

Undirritaðri lék forvitni á að vita hvað varð til þess að þær hófu nám á félagslíðabru. Nám á félagslíðabru er einingánám á framhaldsskólastigi og er starfsreynsla metin sem hluti af náminu. Ekki síður er áhugavert að fá að heyra hvernig þær bera sig að við námið. Að loknu námskvöldi setjumst við í hornsófann í fræðslumiðstöðinni í Skeifunni 8 og kveikjum á kertum. „Einmitt svona slaka ég á heima,“ verður Zenaidu að orði.

Hvatinn að því að setjast á skólabeck segir Zenaida fyrst og fremst vera að auka persónulega hæfni sína og sjálfstraust en einnig að eiga betri möguleika á vinnumarkaði. Hinar taka undir þetta. Þær sáu líka, þegar námið var hafið, hversu gott íslenskunám það er og síðast en ekki sist finnst þeim

það nýtast sér vel í starfi. Heilbrigðisfræðin varpar nýju ljósi á aðhlyningu aldraðra. Það gera samskiptin líka sem tekin eru fyrir í faginu félagsleg virkni. „Menningarmunur, sem fjallað er um í félagsfræðinni, er ekki síður athyglisvert umræðuefni,“ bætir Dora við.

Það er mislangt síðan konurnar voru í skóla síðast, eða sjö til þrjátíu og fimm ár. Síðan þá hafa þær þó sótt námskeið á vegum Eflingar – stéttarfélags og Mímis. „Það er frábært að komast í nám sem ýmist stéttafélagið eða ríkið greiðir fyrir,“ segir Karla, „Það er svo miklu auðveldara að komast í nám á Íslandi en víða annars staðar. Það virðist líka vera



Birna Gunnlaugsdóttir



Karla E.B. Ocon, Dora Noodaeng Sawatdee og Zenaida Asayas Edenfjord stunda nám á félagslíðabrá hjá Mimi, símenntun

keppikefli hér að sem flestir ljúki einhverju námi og að börn og unglingar detti ekki út úr skóla.“

ÁSTIR OG ÆVINTÝRAÞRÁ

Námskonurnar þrjár enduðu á Íslandi frekar fyrir tilviljun en af ásetningi. Eftir sjö til fimmtán ára búsetu hér eru þær þó komnar til að setjast að. Zenaida segir að ævintýraþráin hafi hvatt sig til ferðalaga og endastöðin hafi orðið Ísland. Eftir framhaldsskólanám aðstoðaði hún foreldra sína við að kosta aðra fjölskyldumeðlimi til náms en systkinin eru tólf talsins. Hún flutti til Manila, þaðan til Hong Kong, þar sem hún lærði meðal annars á tölvu, þá til Noregs og loks til Íslands.

Dora hefur búið á Íslandi í fimmtán ár og þar af verið einstæð móðir í sjö ár. Hún hefur staðið á eigin fótum, eignast íbúð og komið sér vel fyrir í lífinu. Karla kom fyrst til Íslands sem skiptinemi í eitt ár. Í kjölfarið gafst ungur Íslendingur ekki upp á því lokka hana aftur til sín á ísa-köldu eyjuna og er eiginmaður hennar í dag.

BRÓK OG LEISTAR = GÖMUL ÍSLENSKA

Dora og Zenaida byrjuðu báðar að læra íslensku með því að skrifa niður ný orð sem þær heyrðu og flettu síðan upp á þeim þegar heim var komið. Þær hlæja að því að vegna starfs þeirra við umönnun aldraðra hafi orðalistinn verið

tvískiptur: Gömul íslenska og ný íslenska. Brók og leistar voru t.d. í öðrum dálkinum en nærbuxur og sokkar í hinum.

Móðurmál Doru, taílenska er afar frábrugðin íslensku, bæði hvað varðar stafróf og framburð. Hún segist því mest styðjast við talað mál í náminu en vera seinlæs á íslensku og eiga erfitt með að skrifa hana. Hún tekur því kennslustundirnar upp á segulband með leyfi kennaranna. Upptökurarnar ætla hún sérstaklega að nota til undirbúnings fyrir próf. Auk þess notar hún vasatölvu sem getur þýtt hugtök af sex tungumálum en þó ekki íslensku. Henni leið til að nota tölvuna er því að snara orðum fyrst á ensku og síðan yfir á taílensku með aðstoð tölvunnar. Þannig segist hún skilja best hvað um er að ræða. Þegar hún tekur niður glósur í kennslustundum er það oftast á taílensku.

Zenaida notar jafnt enska sem íslenska orðabók við námið og Karla segist aðallega hugsa um námsefnið á ensku en líka stundum á spænsku og íslensku, allt eftir innihaldi þess. Karla notar Netið mikið, sérlega vefsíður þar sem fjallað er um námsefnið á móðurmálinu eða á ensku. Það gera hinar líka og styðjast jafnframt við íslenskar vefsíður við verkefnavinnu og ritgerðarsmið.

Það kom Zenaidu á óvart hvað sum hugtakanna í félagsfræði eru erfið en henni létti þegar hún uppgötvaði að Íslendingum þætti það líka. Maðurinn hennar les því stundum með henni félagsfræði. Körlu finnst heilbrigðisfræðin hins vegar snúnari en félagsfræðin og segir það vera vegna þess að það sé henni alveg nýtt námsefni.

Vegna þeirrar miklu einbeitingar, sem nám á erlendu tungumáli krefst, segja Dora og Zenaida að þær eigi erfitt með að lesa lengur en eina klukkustund í senn. Það er kannski þess vegna sem þær hafa námsbækurnar með sér hvert sem þær fara, s.s. í vinnuna til að nýta hléin. En það er upp og ofan hvernig það gengur.

NÁMSNÁLGUN

Konurnar eru sammála um að fólk sé almennt mjög viljugt að aðstoða þær við námið, ekki síst hinar konurnar í nemendahópnum. Ein þeirra hefur tekið að sér að ljósrita fyrir þær vélritaðar glósur sínar úr kennslustundum.



Aðspurð segir Dora að allt að fimm konur komi að því að aðstoða hana við námið. Sumar hjálpa við að þýða úr íslensku yfir á ensku og aðrar yfir á tailensku og enn ein les yfir það sem hún skrifar. Eiginmaður Kõrlu er helsti þýðandi hennar.

„Mér gengur best að skilja hlutina þegar ég get tengt þá við það sem ég þekki fyrir,” segir Dora, „t.d. umræðuna um menningu og trúarbrögð í félagsfræðinni. Þá umræðu get ég tengt við Búddaskólann sem ég gekk í sem unglingur en þar var fjallað um mismunandi áherslur innan Búddismans.”

Það er áhugavert að fá að vita hvernig Dora, Karla og Zenaida koma náminu fyrir í sólarhringnum með framlaunavinnu og móðurhlutverkinu.

„Ég læri á nóttunni, að minnsta kosti þegar það eru verkefnaskil,” segir Zenaida og hlær um leið og hún biður mig að skrifa þetta ekki niður en leyfir mér það síðan. Zenaida á 11 mánaða gamlan son sem hún segir að krefjist sérstaklega athygli hennar þegar hún er að lesa. Annars er hún aðeins í 80% starfi eins og er. Dora segist vera búin að minnka við sig vinnu úr 150% í 120%. „Ég sagði bara við sjálfa mig að peningarnir væru ekki í forgangi núna heldur skólinn. Og svo hef ég ekki komist í ræktina síðan skólinn byrjaði en ég ætla að byrja aftur á morgun. Börnin eru orðin stór og þetta gengur vel.”

Zenaida segist hafa lítinn tíma til að sækja líkamsræktarstöðvarnar en stundar jóga og dans heima til að halda sér í formi. „Í jóganu liggur sonur minn stundum á bakinu á mér og okkur líður vel. Við leikum okkur mikið saman. Kertaljós og slökun gefst líka vel.”

Karla vinnur 70% starf en hún segir að starfið sé henni líka áhugamál, jafnvel lífsstill. „Eftir því sem ég skil og kann íslensku betur finn ég meira fyrir því hvað margt gamalt fólk á Íslandi er einmana. Hraðinn og streitan í samfélaginu fer illa í það og ég skil ekki alveg hvers vegna þetta þarf að vera svona. Ég geri mikið að því að standa fyrir dansi, kaffiboðum eða öðrum uppákomum meðal gamla fólksins. Það er að vissu leyti fjölskyldan mín líka.”

ÞAÐ ER SJÁLFSTYRKJANDI AÐ LJÚKA FORMLEGU NÁMI

Það er vel liðið á kvöld og orðið tímabært að spyrja síðustu spurningarinnar um námið sjálft: „Hvað skiptir mestu máli við nám? Hvernig eru t.d. góðir kennarar?”

„Virðing í samskiptum nemenda og kennara skiptir máli” er fyrsta svarið sem ég fæ. „Það er líka afskaplega gott þegar kennarinn gaukar að okkur aukaútskýringum þegar hann sér að við fylgjum honum ekki alveg. Það gera þeir yfirleitt.”

Það skiptir máli að kennarinn tali hægt og líka að nemendur viti hvað er fram undan í kennslustundinni. Að það sé sem minnst um óvæntar uppákomur. Hvernig glærurnar eru settar fram skiptir líka máli, að á þeim eða í máli kennarans komi fram hver tilvísunin í lesefnið sé. Konurnar segjast vera mjög ánægðar með kennarana sína.

Persónuleg hæfni, sjálfstyrking og betri möguleikar á vinnumarkaði eru meginhvatir Doru, Kõrlu og Zenaidu til náms. Það er eins og sumir Íslendingar séu orðnir þreyttir á að vinna með innflytjendum. „Þeir skilja ekki neitt,” segja þeir og bæta jafnvel við „og vita ekki neitt”. Það er því góð tilfinning að geta einhvern tímann sagt: „Ég hef lokið prófi af félagsliðabrá.”

Það er að bera í bakkafullan lækinn að varpa rómantískum blæ á dugnað og eljusemi í fari Íslendinga. En Dora, Karla og Zenaida eru dugnaðarfólk hver með sínu lagi. Þær kunna þó ekki síður að njóta lífsins og eru dýrmætt litbrigði í íslenskri menningar- og menntaflóru.

Birna Gunnlaugsdóttir er verkefnisstjóri

á sviði Náms fyrir atvinnulífið hjá Mími – símenntun.

UM HÖFUNDINN

Birna Gunnlaugsdóttir er verkefnisstjóri hjá Mími-símenntun á sviði Náms fyrir atvinnulífið. Hún hefur starfað við fullorðinsfræðslu frá árinu 1999, ýmist sem sem kennari eða við stjórnun.